

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Deiliskipulag fyrir eldfjallasetur og hótél á Hvolsvelli.

Tilfni skipulagsins er uppbygging IVEC, Icelandic Volcano and Earthquake Center, í miðbæ Hvolsvallar, en IVEC er vinnuheiti yfir miðstöð fræðslu, upplýsinga og upplifunar tengda eldfjöllum. Sérstök áhersla er á megineldstöðvar sem eru í nágrenni við og sjónrænt tengdar Hvolsvelli. Fyrirhuguð uppbygging IVEC er hluti af eflingu menningar- og náttúrutengdrar ferðaþjónustu í Rangárþingi eystra, auk þess að styrkja skilgreint miðsvæði Hvolsvallar. Meginmarkmið með gerð tillögunnar er að skilgreina lóðir, byggingarreiti og setja skilmála fyrir upplifunar- og upplýsingahluta IVEC, ásamt hóteli. Stærð skipulagssvæðisins er um 4,5 ha og er aðkoma frá Þjóðvegi 1 og Hvolsvégi. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum, annars vegar 27.005 m² lóð fyrir IVEC með leyfilegu byggingarmagni allt að 5.000 m² og hins vegar 18.291 m² lóð fyrir fyrirhugaða hótélbyggingu með leyfilegu byggingarmagni allt að 5.000 m².

Deiliskipulagstillagan var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra 16. apríl 2015.

Ofangreind deiliskipulagstillaga hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 6. maí 2015.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. maí 2015